

SKÓGARVÖRÐURINN Á AUSTURLANDI

**STARFSSKÝRSLA
1993**



**SKÓGRÆKT
RÍKISINS**

STARFSKÝRSLA
SKÓGRÆKTAR RÍKISINS HALLORMSSTAÐ 1993.

1. VEÐURFAR ÁRSINS.

1. 1. Tíðarfarsyfirlit.

1. 2. Veðurmælingar.

2. VÖXTUR OG ÞRIF TRJÁGRÓÐURS.

2. 1. Vöxtur.

Ársvöxtur barr og lauftrjáa var með lélegra móti, miðað við síðustu ár.

Meðalársvöxtur

| Tegund | Kvæmi | | 1992 | 1993 |
|---------------|--------------|----------|-------------|-------------|
| R. Lerki. | Modo | pl. 1976 | 43 cm | 19 cm |
| Blágreni | Park conty | pl. 1973 | 32 cm | 18 cm |
| Stafafura | Wedelsborg | pl. 1974 | 48 cm | 31 cm |
| Hvítgreni | Seward | pl. 1967 | 24 cm | 12 cm |

(mæling Grétar Guðbergs. og Þór nóv. 93)

2. 2. Fræfall.

Lítið var um fræfall í ár, enda sumarið kalt. Eitthvað var um fræ á Lindifuru, Broddfuru. Ekki var safnað fræi af þessum tegundum, enda til töluvert magn af fræi á Mógilsá. Ekki var neitt fræ á birki.

2. 3. Frost.

Lerkiskógurinn var að mestu laufgaður um miðjan maí. Ellefta maí fór hiti í um 19c°. Fjórtánda maí kólnaði mjög með NA snjóbil sem stóð í nokkra daga. Í endaðan maí fór að bera á töluverðum nálaskemmdum í lerkinu, sérstaklega í Hafursá og Mjóanessvæðinu. Var lerkiskógurinn mjög sviðin og brúnn þegar líða tók ásumarið, með átuskemmdum og toppkali. Töluverður kvæmamunur kom fljótlega í ljós.

Í byrjun sept. var gerð úttekt á þessum skemmdum af starfsmönnum á Mógilsá. Skýrsla mun liggja fyrir í vor 1994.

Annars bar ekki á frostskeimmdum á öðrum tegundum í skóginum. ????

2. 4. Skordýr.

Lítið sem ekkert bar á sitkalús í skóginum í ár. Þó varð vart við í haust, lús í blágreni og rauðgreni í náttuganum við Stekkjarklett í Hafursárlandi. Útbreiðsla köngulings er svipuð og verið hefur síðustu ár, virðist ekki aukast. Trúlega hafa síðustu frekar köldu sumur, þar einhver áhrif.

3. STARFSFÓLK.

3. 1. Starfsfólk ársins 1993.

Á árinu komu alls 30 á launaskrá hjá Skógrækt ríkisins á Hallormsstað. Baldur og Bragi Jónssynir náðu þeim merka áfanga að hafa starfað 40 ár hjá skógræktinni. Var þeim færð forlata skógarexi á standi úr tré, skorin út af Hlyn Halldórssyni á Miðhúsum. Finnskur skógfræðinemi Pauli Juntunen var kostgangari í Mörkinni í sumar og starfaði meðal annars nokkrar vikur á Hallormsstað. Mötuneytið í Mörkinni byrjaði 24 maí og lauk 13 ágúst.

4. GIRÐINGAR.

4. 1. Viðhald girðinga.

a) Skógargirðing á Hallormsstað.

Farið með girðingunni dagana 21. til 29. júní. Bætt var nýjum staurum inni girðinguna frá Mjóanesi og út að landamerkjum Gunnlaugasstaða. Frá Hafursárgili og inn að Þverbjargi er girðingin lélegri en í fyrra, og eru ástæður þær sömu og getið hefur verið í síðustu ársskýrslum. Rafgirðingin frá Þverbjargi og yfir að Hafursánni, var slitin á sjö stöðum. Að öðru leyti var ástand girðingarinnar nokkuð gott.

b) Eiðagirðing (Eiðapinghá).

Farið með girðingunni 30. júní og 1. júlí. Einungis var um eðlilegt viðhald miðað við snjóléttan vetur og aldur girðingainnar. Afkomendur Þórarins Þórarinssonar eru með sumarhús í gröf og eru þeir mjög áhugasamir um að halda girðingunni fjárlausri, bæði að reka kindur út sem villast í gegnum lélega girðinguna og tjasla í götin. Athuga þarf með að endurnýja Grafargirðinguna og þá jafnframt að færa hana á landamerki.

c) Múlastekksgirðing (Skriðdal).

Eypór og Björn í Birkihlíð sáu um viðhaldsvinnu við girðinguna eins og undafarin ár. Að þeirra sögn kom girðingin bara vel undan vetri og engar meiriháttar bilanir.

d) Jórvíkurgirðing (Breiðdal).

Dagana 13. til 15. júlí var farið með girðingunni. Einungis var um hefðbundið viðhald að ræða, þar eð girða upp í lækjum og grafningum og hengja saman þar sem slitið var. Enn skal áréttað að bráð nauðsynlegt er að fara í að endurgirða frá þjóðvegi að innanverðu og ofanverðu.

e) Höfðagirðing (Vallahreppi).

Annan til sjötta júlí var farið í að laga girðinguna fyrir neðan Þjóðveg. Skifta þurfti um þó nokkuð af staurum og net áköflum, því ekkert hefur verið gert við hana í nokkur ár. Eftir miðjan ágúst var farið í að hengja upp girðinguna ofan við Þjóðveginn, frá Kolstaðagerðisvegamótum og inn að girðingu Þorsteins Sigurðssonar. Þetta var gert vegna þess að hliðið niður að orlofshúsunum í Stóruvík var alltaf skilið eftir opið og áttu kindurnar greiða leið í svæðið neðan Þjóðvegar.

f) Arnaldsstaðaskógur (Fljótsdal).

Svæðið hefur ekki verið girt af ennþá.

4. 2. Nýgirðingar.

Engar nýjar girðingar voru girtar á vegum deildarinnar á þessu ári.

5. 1. Viður.

a) Birki.

Lokið var við að draga út lauffellda birkið í Krókum (lindifura og rauðgreni). Þann 16. til 19. febrúar var afkvistað og dregið út lauffellt birki úr douglasgreni í Flataskógi, viðurinn lenti undir snjó áður en tókst að ná honum. Í lok mars var grisjaður skermur yfir þöll í Lýsishól. Um miðjan apríl var grisjað og dregið út birki frá Þjóðvegi og upp undir foss, milli Sellækjar og Jökullækjar. Í maíbyrjun var byrjað að grisja birki frá Fálkakletti og út að Borgargerðislæk. Farið var með kjarrsög yfir svæðið en síðan voru trén felld og dregin út með liminu áog allt kurlað. Leigður var vagn sem tók 12 rúmmetra til að flytja kurlið í stóran haug niður á Dýás.

| | | | |
|---------------|--------------------|--------------|--------------|
| Grisjað birki | R-405,5 | Lýsishóll | ca. 0,20 ha. |
| Grisjað birki | R-805,1,4 | Jökullækur | ca.1,52 ha. |
| Grisjað birki | R-404,11 | Fálkaklettur | ca.0,10 ha. |
| Grisjað birki | R-407,1,3,4,5,6,9, | Lýsishóll | ca.3,30 ha. |
| | | Alls | ca. 5,12 ha. |

b) Ungskógar.

Byrjað 22. febrúar að grisja rauðgreni (Trysil) í Lýsishól. Grisjað var niður í um það bil 1000 tré/ha. Haldið var áfram að grisja á þessu svæði þar til að búið var að fara í gegnum allt grenið og lerki að hluta sem gróðursett var fyrir 1965. Þessu var lokið 23. mars. Þess má geta að grisjunarflokkur Héraðsskóg kom og grisjaði með okkur einn dag. Í staðinn fórum okkar flokkur í grisjun og útdrátt með þeim einn dag í Víðivallaskógi. Það munu aldrei hafa jafn margir verið saman við grisjun á Íslandi og þessa daga. Þá var tekið til við grisja lerki (Sverdlösk "62) í Vörðuhrauni, grisjað niður í ca. 1500 tré/ha. og lauk því 7. apríl. Ekki var hægt að draga viðinn út vegna aurbleytu og varð það að bíða sumars. Þann 13. apríl var byrjað að grisja grenið ofan við Kliftjörtnina og dregið var út það sem hægt var ná neðan frá. Þann 18. maí var byrjað að grisja Guttormslund og síðan Guðrúnarlundur tekinn á eftir, einnig var farið í gegnum Smithersfuruna. Þórarinn Ben og skógarvörður merktu reitina til grisjunar. Bolirnir í Guttormslundi voru bútaðir niður á staðnum. Síðan var þeim ekið út á vagni og fjórhjóli sem Héraðsskógar lánuðu okkur. Var þetta gert til að skemma ekki svörðinn. Greinar og toppar voru kurlaðir í stíga til að lundurinn liti betur út fyrir túrhesta.

| | | | Stærð ha |
|------------------|------------|--------------|----------|
| Rauðgreni | Lýsishóll | R-402,5,6,15 | 1,81 |
| Rauðgreni | | R-405,4,9,11 | 1,08 |
| Hvítgreni | | R-405,2 | 0,29 |
| Blágreni | | R-405,3 | 0,09 |
| Sitkagreni | | R-402,19 | 0,27 |
| Lerki | | R-402,21 | 0,35 |
| Broddgreni | | R-402,22 | 0,47 |
| Lerki | Vörðuhraun | R-715,2 | 2,44 |
| Lerki | Vörðuhraun | R-713,10 | 0,04 |
| Rauð-og sitkagr. | Kliftjörn | R-501,1 | 0,42 |
| Lerki | Guttormsl. | R-724,5 | 0,73 |
| Lerki | Guðrúnsrl. | R-710,5 | 0,28 |
| Stafafura | Smithersl. | R-710,3 | 0,16 |
| | | Alls | 8,43 |

c) Viðarvinnsla.

Ekkert var flett á árinu. Ákveðið var í haust að fresta því að fletta lerkinu úr Guttorms- og Guðrúnarlundi, þar sem verið var að kanna kaup á flettisög í samstarfi við fleiri aðila. Keyptur var viðarkurlari frá Lindana a/s í Danmörku af gerðinni TP-960 VH. Þetta er eins tæki og við höfum áður leigt af Skógræktarfélagi Reykjavíkur, en hefur þó það framyfir að hægt er að stjórna innmötunarhraða, einnig er innmötunarhorn annað, sem gerir það að verkum að mun léttara er að kurla svera stofna. Þetta reyndist ágætistæki og var það notað allnokkuð bæði hér í skóginum og í Egilsstaðaskógi. Megnið af kurlinu var selt í Egilsstaði, en einnig var kurlað efni á göngustíga í trjásafninu. Þess má geta að 17 rúmetrar af kurli voru seldir til Dalvíkur, sem þeir sóttu hingað á vörubíl.

Stauravinnsla var með minnsta móti. Þó var megnið af því efni sem féll til við grenigrisjunina unnið í staura, styttur og trjástoðir. Lerkið sem féll úr reitnum í Vörðuhrauninu var sagað niður í staura og styttur. Eftir er að birkja það og ydda. Ekkert hefur verið fúavarið á árinu, því það virðist vera ómögulegt að fá keypt fúavarnarefnið sem við höfum nota hingað til, en verið er að vinna í málinu.

Sala girðingastaura 1993.

| | |
|---------------------------------|----------|
| Girðingast sverir, fúavarðir | 206 stk |
| Girðingast grannir, fúavarðir | 20 stk |
| Girðingast ófúavarðir (greni) | 503 stk |
| Styttur, fúavarðar | 106 stk |
| Trjástoðir, ófúavarðar | 1588 stk |

Sala á arinvið, smíðavið og kurli.

| | |
|----------------------------|-------------------|
| Arinviður (20 kg) | 3080 pokar |
| Arinviður (10 kg) | 260 pokar |
| Spæmir | 23 pokar |
| Viðarkurl (birki, lerki) | 98 m ³ |

| | |
|-------------------------|----------------------|
| Smíðaviður; birki birkt | 2588 dm ³ |
| Smíðaviður; birki óbirt | 1326 dm ³ |
| Smíðaviður; lerki óbirt | 2195 dm ³ |

Lerki; borð og plankar.

| | |
|-----------------------|------|
| Lerki borðviður 1x4" | 40 m |
| Lerki borðviður 1½x4" | 58 m |
| Lerki plankar 2x3" | 39 m |
| Lerki plankar 2x4" | 59 m |
| Lerki plankar 3x3" | 8 m |
| Lerki plankar 4x4" | 5 m |

d) Lauffelling.

Byrjað var að lauffella birki 27 júlí. Grisjaður var skermur yfir blágreninu ofan við Þjóðveg við Mörkina. Að því loknu var skermur tekin ofan af hvítgreni og sitkabastarð í Lýsishól. Íbyrjun október var afkvistað fyrir ofan Mörkina og síðan var farið í Lýsishólinn. Dregið var út úr reitnum fyrir ofan Mörkina en ekki náðist að draga út úr Lýsishólnum fyrir áramót vegna mikillar aurbleytu og síðar snjóá.

| | | | |
|--------------------|-------------------|-----------------------|-------------|
| Lauffeldur skermur | R-408,4,6,12 | Hvítgr. Sitkabast. | ca 2,68 ha. |
| Grisjaður skermur | R-605,10,11,12,13 | Blágreni | ca 2,32 ha. |
| | | Alls | ca 5,00 ha. |

5. 2. Jólatré.

Byrjað var að fella stærri trén (yfir 3 m) 23 nóvember og var útkeyrslu á þeim lokið 7. desember. Frekar reyndist erfitt að sækja trén vegna aurbleytu á vegum. Svipað magn var fellt og í fyrra. Nokkur stór tré fóru út fyrir fjórðunginn 7m fjallapínur í Kringluna, 9m blágreni til Húsavíkur og 7m fjallapínur til Færeyja. Stærsta tréð var við KHB á Egilsstöðum. Rúmlega 11m sitkagreni sem tekið var niður á loftstreng efst í reitnum við Klifjörn. Áttunda des. var byrjað að fella minni tré. Hefur líklega aldrei verið eins erfitt að finna brúklegr tré eins og nú. Ástæðurnar eru nokkrar, of lítið var gróðursett af rauðgreni á sínum tíma, köngulingur skemmir lit trjáanna og skortur á umhirðu í reitunum. Ekki var keyptur norðmannspínur né innfluttar greinar af Landgræðslusjóðnum í ár. Boði var upp á blágreni í staðinn og virtist fólk taka því nokkuð vel. Sótt voru 50 blágreni til Sigurðar skógarvarðar á Vöglum.

Sala jólatrjáa frá Hallormsstað 1993.

| Stærðarflokkar | Trjátegundir. | | | | Alls |
|----------------|---------------|---------|--------|----------|------|
| | Rauðgr. | Stafaf. | Blágr. | Fjallap. | |
| 0.70-1.00m | 60 | 7 | 4 | 0 | 71 |
| 1.00-1.25m | 123 | 16 | 79 | 0 | 218 |

| | | | | | |
|--------------|------------|-----------|------------|-----------|-------------|
| 1.26-1.50m | 221 | 22 | 109 | 1 | 353 |
| 1.51-1.75m | 135 | 26 | 65 | 4 | 230 |
| 1.76-2.00m | 32 | 8 | 17 | 2 | 59 |
| 2.01-2.50m | 9 | 3 | 4 | 3 | 19 |
| 2.51-3.00m | 17 | 0 | 0 | 0 | 17 |
| 3-4m | 22 | | 1 | 2 | 25 |
| 4-5m | 5 | | | 1 | 6 |
| 5-6m | 10 | | | | 10 |
| 6-7m | 2 | | | 1 | 3 |
| 7-8m | 1 | | | | 1 |
| 8-9m | 2 | | | | 2 |
| 9-10m | 2 | | 1 | | 3 |
| 10-11m | 1 | | | | 1 |
| 11-12m | 1 | | | | 1 |
| Alls: | 643 | 82 | 280 | 14 | 1019 |

Greinasala:

| | |
|-------------|--------|
| Fjallapínur | 228 kg |
| Broddfura | 75 kg |
| Stafafura | 52 kg |

6. GRÓÐRARSTÖÐ.

6. 1 Fræplöntur.

Miklar breytingar urðu í tegundaskiptingu í sáningunni í ár miðað við undanfarin ár. Ástæður þess eru breyttar óskir Héraðsskóga, en þeir munu ekki kaupa lerki af okkur eins og verið hefur heldur greni. Greninu var sáð í stóra húsið 10-12 maí. Ýmsum tegundum og kvæmum var sáð og ræðst það helst af því að hreinsað var upp á Mógilsá öll nýtanleg kvæmi sem til voru í einhverju magni, því ekki var tími til að fara að pannta sérstaklega fræ til þessarar sáningar. Ekki reyndist hægt að fylla húsið því það vantaði 40 gata bakka. Sáð var í neðra húsið 1-2 júní, mest lerki og birki. Mun minna birki var sáð en undanfarin 2 ár þar sem óvissa var um framhald landgræðslu-skóga.

Ræktunin gekk vel í stóra húsinu en í neðra húsinu urðum við fyrir áföllum. Sáð var einu kvæmi af birki í um 1300 fp-95 sem spíraði svo til ekki neitt, aðeins komu upp plöntur á stangli. Reynt var að sá aftur í bakkana þegar þetta varð ljóst en það heppnaðist aðeins að hluta til. Annað áfall var að það kom íljós að botninn í gamla hluta hússins var morandi í sveppasmiti sem lagðist á rætur lerkisins og olli því að plönturnar náðu mun minni þroska en vænta mátti.

Stungið var alaskaösp síðsumar eða 26-30. júlí. Sú stunga heppnaðist illa, ræting varð léleg.

Plöntur komu yfirleitt vel undan vetri. Undantekning var þó Östek lerki sem hafði verið tekið út úr húsi um mitt sumar árið áður, en það kól talsvert um haustið 92.

Kalt vor og kalt sumar setti mjög mark sitt á plöntur íuppvexti. Mikið af plöntum á planinu náðu sér aldrei á strik. T.d. varð meðalvöxtur í blágreni 2-3 cm það var eins og að hitinn

væri ekki nægur til að plönturnar næðu upp áburði. Af þessum sökum og út af rötardauðanum í neðra húsinu er nokkuð um að plöntur sem afhenda á vorið 1992 séu ekki næganlega þroskaðar til þess.

6.2. Afhending skógarplantna.

Afhending gekk mjög vel og voru plönturnar sem voru til afhendingar í ár mjög fallegar. Óvenjulega mikið var afhent til annarra deilda Skógræktar ríkisins og óvenjulega lítið seldist á almennum markaði. Einnig voru engir styrkir til einstaklinga að þessu sinni.

kökurit sem sýnir skiptingu afhentra plantna

6.3. Nýframkvæmdir.

Lítið var um nýframkvæmdir í ár. Þó voru bómurnar í báðum húsunum lagaðar, sett var ný slá í þær báðar. Auk þess var slangan í efra húsinu hengd upp. Þar með var hægt að mjökka ganginn í húsinu og bæta við einu neti. Í efra húsinu var líka bætt mól í gólfíð og allar dældir lagaðar en nýi hlutinn hafði nokkuð sigið og missigið.

Um haustið var skipulagi plansins breytt, þannig að nú verður vegur nyrst eftir endilöngu planinu, sex karmar á ytri hluta plansins, 2,10 cm breiður hver. Síðan er gert ráð fyrir að styttra verði á milli brauta bómunnar en verið hefur. Einnig var grafið fyrir festingum fyrir net til upphækkunar sem eiga að falla inní karmana. Einnig voru grafnar festingar fyrir net við neðra húsið.

Söluskúrinn var fluttur burt og sett var mól á gamla söluplanið og verður þar hægt að hafa plöntur til afhendingar og jafnvel ræktunarplan síðar meir.

Keypta voru 300 ræktunarrámmar. Verða þeir notaðir á planinu þar sem umferð er og þar sem ekki er þægilegt að hafa net.

Laggðar voru hellur í hvíta hús og þangað flutt skrifborð svo hægt væri að afgreiða þar.

Litla plasthúsið var tekið niður enda grunnurinn ónýtur af fúa.

Gerð var þjappa fyrir 40 gata bakka í fyllingarvélina.

6.4. Ýmislegt í gróðrarstöð.

Dúkurinn á neðra húsinu rifnaði illa veturinn 1992-1993 því hann losnaði tvisvar upp á kafla. Um vorið var hann settur í viðgerð niður á Seyðisfjörð og var saumaður saman. Einnig límdum við hann á eftir og virtist það nokkuð traustvekjandi viðgerð. Saumaskapurinn var ekki alveg eins góður og vildi rifna upp ástöku stað. Ekki náðist að taka dúkinn af haustið 1993 og var hann því á allan veturinn.

7. GRÓÐURSETNING.

7. 1. Gróðursetning í lönd SR Hall.

Byrjað 4.maí að planta lerki á Höfða og var plantað í þrjá daga. Það er langt síðan að plantað hefur verið svo snemma hér á Hallormsstað. Svo var aftur tekið til við að planta á Höfða 25.til 27. maí og var plantað lerki (pinega). Þann 7. júní var byrjað að planta fjallaþin (berrót) út með vegi ofan við Fálkaklett og út að og upp fyrir rauðgreni við Borgargerðislæk og endað á að planta stafafuru. Þá var farið í Hafursá og plantað stafafuru inni lerkið fyrir ofan fyrstu fjölpottaplöntugróðursetninguna. Aftur var farið að planta lerki á Höfða 22. júní og var sett á akkorð daginn eftir. Lokið var við vorplöntun 9. júlí með því að planta vörtubirki í gamla kartöflugarðinn við ána og við veginn niður að sumarbústöðunum á Höfða. Byrjað að planta lerki aftur á Höfða 3. ágúst lokið plöntun 1993 þann 6. ágúst.

7. 2. Gróðursetning í umsjónarlönd SR Hall.

8. HIRÐING UNGSKÓGA.

8. 1. Kjarrhreinsun.

Aðeins var unnið við kjarrhreinsun á árinu en betur má ef duga skal. Í mars var hreinsaður teinungur úr sitkagreni 67" í Lýsishól. Byrjað var 23 júlí á að hreinsa frá fjallaþin í R 713-8. Í framhaldi af því var hreinsað frá rauðgreni í R 712 efst á hæðinni. Farið var yfir allt rauðgrenið í R-708 frá 1972 og 73' (2,3 Ha) og það grisjað verulega. Trúlega hefur verið gróðursett á sínum tíma 10.000 pl á ha. Þá var farið í að hreinsa frá þöll, broddgr. og rauðgreni í R-611,1,2,3,. Alls var hreinsað frá um það bil á 5,85 ha. árið 1993.

9. BYGGINGAR.

9. 1. Viðhald.

a) Hallormstaðabærinn.

Svo vitað sé var lítið um viðhald á bænum á þessu ári. Skift var um miðstöðvardælu.

b) Skemma.

Veggir og loft voru þvegin á verkstæðinu. Verkstæðið var málað (veggir og loft), einnig salerni, sturtur og gangur. Settir voru nýjir gólflistar á salerni, sturtur og á gangi. Þá var stiginn upp á loft þússaður og lakkaður. Smíðuð vatnsskilja við loftpressu í kjallara. Skift um nál í þennsluloka plöntufrysti og reimar á frystipressu. Skift um tvo ofna á skrifstofu. Gólf voru sópuð nokkru sinnum á árinu!

c) Markarhús.

Skift um opið fag í glugga á lofti að sunnaverðu, en hann hafði fokið upp og eyðilagst. Máluð salerniskompa. Keyptur var sorpkassi með fæti, Baldur Jónsson steypiti niður festingu og málaði allt saman af sinni alkunnu nákvæmni. Í haust var skift um mól í kringum húsið og á gangvegi að hluta, síðan var keyrt mold í og þökulagður hluti þar sem áður var mól.

d) Akurgerði.

Ekki var um neitt meirhátar viðhald á húsinu í ár. Lagt var að nýju varmageymunum sem keyptir voru í haust og þeir tengdir kyndingu hússins og voru þeir síðan einangraðir. Núna sýður ekki á kerfinu þó kynt sé með viði. Sigurður meistari smíðaði lofttúðu á lúgu yfir viðarennu. Skógarvörður gerði sér lítið fyrir og málaði svefnherbergið, þar sem hjónaleysin liggja í fleti sínu um nætur. Málað var í vistvænum lit. Er það samróma álit að vel hafi tekist til.

e) Höfði.

Þvottahús og eldhús málað í ljósum lit. Rifin af gólfteppi af gangi, holi, stofu og parket lagt á í staðinn. Í byrjun júlí var farið í að færa vatnsbólið fyrir bæinn. Gamla vatnsbólið var vægast sagt ógeðslegt og vildu íbúar hússins meina að vatnið væri ekki drykkjarhæft ósoðið. Kapalýta Vökvavéla var fengin til að plægja niður 500m. af slöngu (40mm) frá gamla vatnsbólínu og upp að brekkurótum í hlíðinni fyrir ofan. Þar var grafið og sett mól í botn og í kringum gataðan plasthólk, sem lokað var með timburhlemmi. Lögnin frá gamla brunninum og heim í bæ er alltof grönn miðað við lengd og er vatnsþrýstingur þar af leiðandi lítill, því fallið er ekki mikið.

10. VÉLAR OG VERKFÆRI.

10. 1. Bifreiðir.

U - 3357: Það brotnaði millikassahúsið, var búinn til annar kassi úr þeim sem að brotnaði og úr þeim gamla sem bilaði árið 1992. Skift um loka í eldsneytislokum og var ekki vanþörf á.

Endurnýjaðir drullusokkar, lagfærð og breytt miðstöð og bremsur lagaðar. Keyptur var sólaður dekkjagangur og slöngur í haust. Bifreiðin er mjög tekin að eldast og ekki hægt að ætla henni nein stórvirki.

U - 1905: Skift um loka í eldsneytislokum, þeir gömlu orðnir gjörsamlega ónýtir. Skift um bremsuborða að aftan og lagaður ljósabúnaður, annars var bara um hefðbundið viðhald.

RH - 103: Keyptur var gangur af nagladekkjum og felgum. Settir voru brettakantar og sílsalistar á bifreiðina til að minnka drulluáusturinn og verja lakkið. Þá var smíðað lítið og létt dúkhús sem hægt er að skella á skúffuna.

10. 2. Dráttarvélar.

Deutz: Miðvikudaginn 13. janúar, þegar Einar var að blása snjó af heimkeyrslunni hingað, stoppaði traktorinn og reyndust hjólin gjörsamlega föst. Fengin var traktorsgrafa til að hífa vélina upp að aftan og koma henni inn á skemmugólf. Afturhlutinn rifinn í spað og kom þá í ljós, að mismunadrifið var í hakki, einnig bognir öxlar fyrir aflúttak og seinna kom í ljós öxull sem gengur í gegnum gírkassann var líka boginn. Kaupa þurfti nýtt mismunadrifshús, tannhjól, bolta og skinnur í það, einnig varð að kaupa öxla frá kúplingsdisk og aftur í aflúttak. Þetta var mikil vinna og má segja að mótörinn var það eina sem ekki var rífið í

sundur. Orsökina að þetta gerðist var að líklega hefur bolti sem er í stjörnuvír mismunadrífsins rífið sig. Þetta varð bæði tímafrekt og dýrt.

Ford 5000: Skift um vinstri framhjólbarða, gamli barðinn búinn að þjóna síðan 1974. Vinnueftirlitið vill að skift verði um afturhjólbarðana, þeir eru síðan 1974 og má segja að þeir hafi enst ótrúlega lengi. Byrjað að laga slit í beltabúnaði, sem er orðinn mjög slitinn. Lögðu ljós og þessháttar.

MF 203: Einungis um hefðbundið viðhald ræða.

Ud - 11: Blöndungur tekinn í gegn og slit tekið úr gangráðsstöngum.

Farmal cup: Hreinsaður rafall, spennustillir og blöndungur. Það þarf endilega að skifta um legur í girkassa áður en hann brotnar.

10. 3. Önnur tæki.

Keypt var nýtt blað í kurl sögna, skift um legur og pakkdósir í drífi og þá var gerður upp tjakkur í kljúfara. Birkingarvél hreinsuð og máluð. Plastlagningarvél lagfærð. Áburðardreifari var gerður upp. Kvesmann (yddari) var lagfærður töluvert. Nokkrar keðju og kjarrsagir gengu úr sér á árinu.

11. ÝMISLEGT.

11. 1. Ferðalög, fundarhöld og erlendar heimsóknir.

3. Feb. Starfsmannafundur á Egilsstöðum.

18.-20. Feb. Katrín á ráðstefnu í Garyrkjuskólanum.

27. mars. Katrín á fulltrúaráðsf. skógræktarf. Íslands.

27.mars - 4. maí. Skógarvörður til Skotlands.

28. maí. Þórarinn Ben. ásamt finnskum skógarmanni í heimsókn.

3. júní. Björn Jónsson ásamt tveim finnskum kennurum við skógskólan í Ekernäs í heimsókn.

7. júní. Aðalfundur Skógræktarf. Neskaupst.

10. júní. Aðalfundur Skógræktarf. Fáskrúðsf.

18.-20 júní. Katrín ferðast með SNS hóp (Ierkirannsóknir) um landið.

23. júní. Magnús Magnússon ásamt stjórn Scottish Natural Heritage í heimsókn.

22. júní. Stellan Karlson sænskur gróðrarstöðvarráðgjafi skoðar stöðina.

1. júlí. Skógarvörður ásamt umdæmisfulltrúa skoða jörðina Vorbrandsstæði í Vopnafirpi til skógræktar.
13. júlí. Sandy Robertson frá Nýfundnalandi var hér í nokkra daga.
16. júlí. Tveir sænskir skógfræðinemar í heimsókn.
22. júlí. Aftur koma tveir sænskir skógfræðinemar.
17. júlí. Skógardagur í Hallormsstæðaskógi.
- 27-29 ágúst. Katrín og Skúli á Aðalfundi Skógræktar Íslands á Húsavík.
5. sept. Stjórn NSR skoðar skóginn.
- 7-8. sept. Pieter D Kofman frá dönsku rannsóknarstöðinni kynnir sér mökuleika á kurlun, vegna kyndingar á Hallormsstæð.
- 13-15. sept. Katrín á Norrænni gráðrarstöðvarráðstefnu í Þrændarlögum.
2. okt. 90 ára afmæli gróðrarstöðvarinnar á Hallormsstæð.
- 3-4. okt. Katrín á fundi í Reykjavík NSFP hópnum.

11. 2. Ferðafólk.

Aðsókn í Atlavík var um 2700 gistináttum færri enn 1992. Aðalástæðan er trúlega hið kalda sumar. Tekjur tjaldsvæðisins minkuðu því verulega frá því í fyrra.

Tvö ættarmót voru haldin á ystu túnunum í sumar, einnig héldu Bifhjólasamtök Íslenska Lýðveldisins sitt árlega ættarmót á sama stað, helgina 3 júlí um 400 manns.

Stefán Sveinsson og Ragnheiður Samúelsdóttir frá Útnyrðingsstöðum hófu rekstur á hestaleigu um skóginn, ofan við Atlavík. Mæltist það mjög vel fyrir, Einnig bauð Loftur Þór Jónsson uppá bátsferðir frá Atlavíkinni á kvöldin.

Hóptjaldsvæðið sem er um 1500 m² var jafnað og þökulagt. Þökur voru sóttar í Höfða. Sett var upp gashitari til upphitunar ávatni við salerni. Ýmislegt annað smálegt var gert í víkinni sem ekki verður tíundað hér.

Skipulagður var fjölskyldudagur í skóginum 17 júlí, í samvinnu við ferðaþjónustuaðila á staðnum. Boðið var uppá gönguferð um skóginn og trjásafnið, hestaferðir, bátsferðir, sýning átrjámunum í Húsmæðraskólanum og grill á Hótel Eddu. Þótti þetta takast hið besta.

Fjöldi gistinátta 1991, 92, 93.

| | 1991 | 1992 | 1993 |
|-------|------|------|------|
| Júní | 610 | 472 | 551 |
| Júlí | 3410 | 2788 | 1487 |
| Ágúst | 1898 | 2072 | 1097 |
| Alls: | 5918 | 5332 | 3135 |

Fjöldi gistinguátta 1993 Íslendingar, erlendir gestir:

| | Ísl. | Erl.gestir |
|-------|------|------------|
| Júní | 423 | 128 |
| Júlí | 879 | 608 |
| Ágúst | 636 | 461 |

12. ANNAÐ.

12. 1. Trjásafnið í Mörkinni.

Helstu verkefni ársins í trjásafninu voru þessi: Sveinn Einarsson og Baldur Jónsson hlóðu steinbogabrá yfir Kerlingará, innan við neðsta-reit. Baldur gekk frá umhverfi brúarinnar með þökulagningu og harpaðri mól í stíginn að brúnni. Var þetta gert af mikilli smekkvísi. Tengir hún gönguleiðina í Atlavík. Einnig hlóðu þeir félagar brú yfir Króklækinn, innan við Svefnósa. Allar merkingar trjáa og trjálunda voru endurhannaðar, merkin voru plöstuð og eru á þar til gerðum stólpum í vistvænum lit. Nýtt kurl var keyrt á allfesta stíga. Allt lim og greinar frá grisjun fyrra árs var kurlað, er svæðið öllu snyrtilegra áeftir. Brú yfir skurð á neðri gönguleið var endurnýjuð. Keypt voru borð með bekkjum og staðsett í neðsta-reit. Keyrt var spæni frá steinbogabrá inn veg að Atlavík. Hliðið við inngangin ísafnið var málað og einstök tré og trjálundir snyrtir.

Í tilefni að 90 ára afmæli gróðrarstöðvarinnar, sem haldið var hátíðlega 2 október, færði fulltrúi Skeljungs hf skógræktinni á Hallormsstað kr 500.000 sem varið skyldi til trjásafnsins í Mörkinni.

Kostnaður við trjásafnið 1993.

1020 vinnustundir..... 469.747 kr
Önnur gjöld..... 214.731 kr

12. 2. Tilraunir og viðarmælingar.

Guttormslundur var mældur 20 apríl. Þórarinn Ben. sá um þær mælingar. Tveir mælifletir eru í lundinum og var fyrsta mæling gerð 1952. Er þetta í þrettánda skipti sem hann er mældur. Er meðalársvöxtur nú 7,6 m³ á ha með berki. Samhliða þessu var Smithersfuran frá 1940 á Stekknum mæld.

(Sjá töflu vaxtarmælingar Guttormslundur)